

Skólaráðsfundur 25. febrúar 2025

Mætt eru: Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri; Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi kennara og ritari; Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir fulltrúi foreldra barna í leikskóla; Íris Dröfn Brynjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Guðrún Erna Magnúsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags.

Forföll boðuðu: Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla og Stefanía Björg Jónsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna.

Alexandra Agla Jónsdóttir fulltrúi nemenda og Þórarinn Páll Þórarinsson fulltrúi nemenda sátu ekki þennan fund þar sem fjallað var eingöngu um málefni leikskólans.

Fundur haldinn á skrifstofu deildarstjóra kl. 14:00-15:15.

1. Leikskóli - Leikskólastarf

Skóladagatal grunnskólans 2025-2026

Skóladagatal leikskólans 2025-2026

Umræða um skóladagatal og vetrarfrí í grunnskóla. Eftir er að taka afstöðu til lokunar leikskóla milli jóla og nýjárs. Rætt um kosti þess að hafa skipulagsdag einhverju áður en kemur að foreldrasamtalsdegi, en það er erfitt að fá það til að passa við fjölda skipulagsdaga í leikskólanum sem eru sex dagar yfir árið.

2. Gæðaviðmið leikskólans

Skólastjóri fer stuttlega yfir uppsetningu gæðaviðmið og segir frá störfum Gæðaráðs við gæðaviðmið. Niðurstöður úr Skólapúlaskönnunum eru væntanlegar á næstu vikum og verða færðar inn í Gæðaviðmið leikskólans. Skólastjóri ætlar að athuga aftur með að fá Ytra mat fyrir leikskólann. Skólastjóri biður skólaráð um að kynna sér gæðaviðmið leikskólans fyrir næsta fund. <https://audarskoli.sharepoint.com/:x/s/Gaedavidmid/EWAwJtq7-fxLqqdrLEjzG4wBDZTpVzcXYn3XGOSrEkThAg?e=5L5WCC>

3. Almenn um starfið í leikskólanum

Skólastjóri greinir frá áhyggjum sínum af því álagi sem verið hefur á starfsfólki leikskólans undanfarið vegna forfalla starfsfólks. Það á reyndar einnig við um

grunnskólann. Fræðslunefnd hefur verið greint frá stöðunni og verður farið í það að auglýsa eftir starfsfólki fljótlega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:15

Fundargerð ritaði Ragnheiður H. Bæringsdóttir. Skólastjóri staðfesti fundargerð.